

kveðið er á um í 1. tl., skal breytingin öðlast gildi gagnvart sérhverjum öðrum aðila að bókuninni á ní tugasta degi eftir að fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykktarskjal hans er afhent.

as provided under paragraph 1, it shall enter into force for any other Party to the Protocol on the ninetyeth day following the date of deposit of its instrument of ratification, acceptance or approval.

## AUGLÝSING

### um uppsögn alþjóðasamnings um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar.

Hinn 10. febrúar 2000 var aðalframkvæmdastjóra Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar afhent uppsagnarskjal Íslands vegna alþjóðasamnings um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar frá 29. nóvember 1969, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 10/1980, þar sem samningurinn er birtur, 15/1995 og 25/1998. Uppsögnin öðlast gildi 10. febrúar 2001.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 23. febrúar 2000.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Sverrir Haukur Gunnlaugsson.*

## AUGLÝSING

### um uppsögn alþjóðasamnings um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar.

Hinn 10. febrúar 2000 var aðalframkvæmdastjóra Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar afhent uppsagnarskjal Íslands vegna alþjóðasamnings um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar frá 18. desember 1971, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 10/1980, þar sem samningurinn er birtur, 16/1995 og 26/1998. Uppsögnin öðlast gildi 10. febrúar 2001.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 23. febrúar 2000.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Sverrir Haukur Gunnlaugsson.*